

## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Kórastarf
- Uppskeruhátíð
- ATHUGIÐ.....

Næsti Pési kemur út 13. okt 2011

Efni í Pésann

VERÐUR að berast í allra síðasta lagi 10 október.

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Atvinna	4
UMFH	8
Leikskólinn	12
Matis	15

# Pési



**September 2011**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 252. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

## Frá Bókasafni Hrunamanna



### Opnunartími:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning.

Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni (<http://www.gegnir.is>) til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleik og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



**Hrunaréttir hefjast kl: 10:00  
föstudaginn 16. september.**



Uppskeruhátíð á Flúðum 10 september  
Ljós:SigSigm

## Sveitarstjórapistill

Nú er aðeins farið að bregða að hausti en liðinn ágústmánuður hefur sannarlega verið sumarauki hjá okkur. Það var því mjög viðeigandi að Uppskeruhátíðin væri haldin í lok þessa góða tímabils og þegar haustið heilsar okkur. Uppskeruhátíðin sýnist mér vera að stimpla sig inn sem einn af föstum viðburðum hér í sveitinni. Mikið af fólki var á ferðinni og þrátt fyrir dálitla kós á einstaka stað hefur þessi hátíð yfir sér ljúfsárt og afslappað yfirbragð. Það er gaman að sjá hvað komið er mikið rennsli í framkvæmdina og hvað þeir aðilar sem koma að skipulagningunni standa sig vel. Nýir aðilar eru að kynna sig í sambland við þá gömlu og það er fljótandi fyrirkomulag milli ára hverjir geta tekið þátt. Þetta á nefnilega að vera gleði en ekki kvöð og mér sýnist það vera leiðarljós Uppskeruhátíðarinnar. Ekki skemmir heldur fyrir að Hvítárbrúin og Bræðratunguvegurinn eru núna komin í fullan gang og verður að segja að frágangur framkvæmdanna er til fyrirmyndar. Brúin og vegurinn voru síðan vígð formlega með góðum gestum á föstudaginn og tókst sú hátíð afar vel til en það var einstaklega vel mætt úr báðum sveitum við vígsluna. Sýnir það vel hvað í raun og veru þessi framkvæmd er okkur öllum mikið framfaramál. Það væri gaman að svona vígsluathafnir á vegamannvirkjum væru jafn fastur viðburður í tilverunni eins og Uppskeruhátíðin og réttir en því miður virðist okkur sem Vegagerðin eigi afar erfitt uppdráttar og þörf samgönguverkefni á okkar svæði eru í algerum hæðagangi. En það voru fleiri hátíðir í gangi sem ekki fer eins hátt um. Það var einnig hátíð í Kerlingafjöllum þar sem verið var að fagna 50 ára afmæli uppbyggingar á ferðapjónustu í Kerlingafjöllum. Ég held að þetta svæði sé eitt af vanýttustu ferðarmannastöðum á landinu. Það sem veldur erfiðleikum eru vondir eða misvondir vegir sem takmarka aðgang að svæðinu. Ef það kemst í betra horf eru engin takmörk á því hvað margir geta notið þessarar náttúruperlu okkar. Síðan er það náttúrulega aðalhátiðin okkar hér í sveitinni sem eru hinar einu sönnu Hrunaréttir. Það er stundum sagt að það sé gaman að upplifa sögulega tíma en þeir sem hafa komið að byggingu hinnar nýju rétta munu eflaust geta verið stoltir af framtaki sínu. Það er sem betur fer enn það hugarfar í okkar samfélagi að fólk er tilbúið að leggja mikið af mörkum með sjálfböðavinnu til að koma að samfélagslegum verkefnum. Þeir sjálfböðaliðar sem hafa komið að byggingu hinna nýju rétta og þeir sem hafa lagt til efni í þær eiga mikinn heiður skilinn. Þó réttirnar verði ekki fullbyggðar þetta árið er þetta framkvæmd sem við getum öll verið stolt af. Ég vil samt biðja þá um sem koma ríðandi í réttirnar að nota dilkana ekki sem geymslustað fyrir hesta því þær bjóða ekki upp á það með góðu móti heldur nota hestagirðingar sem komið verður upp við réttirnar. Nú með haustinu hafa verið ráðnir nýir starfsmenn til sveitarfélagsins. Eygló Jósepsdóttir hefur verið ráðin í 50% starf til að vera forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og Arndís Eiðsdóttir hefur verið ráðin í 80% starf til að sinna húsvörslu í íspróttahúsi og sundlaug og einnig til starfa í áhaldahúsi. Vil ég bjóða þessa starfsmenn velkomna til starfa og að þau verði hluti af öflugum hópi starfsmanna okkar sveitarfélags. Eitt vil ég minna á að þeir sem þurfa að losa við sig rúlluplast að setja það alls ekki í heimilissorggáma sveitarfélagsins en það veldur miklum kostnaði fyrir sveitarfélagið. Hægt er bæði að vera í sambandi við Tómas Þóri um hirðingu rúlluplastsins eða nýta sér aðstöðu til losnar á gámasvæðinu á Flúðum. Að lokum vil ég biðja fólk um að sýna tillitssemi í umferðinni. Skólarnir eru byrjaðir með því lífi og fjöri sem þeim fylgir. Því þarf að taka tillit til barnanna sem aldrei fyrr þegar þau eru að koma í og frá skóla auk þess sem skammdegið fer að síga á. Megum við öll eiga gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## Kaffi-Sel auglýsir!

Kaffi-Sel verður opið alla daga fram til sunnudagsins 18. september, kl. 9.00 – 20.30.

Lokað alla daga frá og með mánudeginum 19. september. Eftir þann tíma er hægt að panta fyrir hópa, m.v. 10 manns eða fleiri í síma 891-7811/661-5935 eða á netfangið [pantanir@kaffisel.is](mailto:pantanir@kaffisel.is)

Starfsfólk Kaffi-Sels og Selsvallar þakkar öllum fyrir ánægjulegt sumar.

Frá Vörðukórnum:



Fyrsta æfing haustsins verður í Árnesi miðvikudaginn 21. september kl.

20:30.

Vörðukórinn æfir til skiptis í Árnesi, Flúðum og Brautarholti.

Nýir félagar velkomir.

**Samkaup** strax

### Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	10:00-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

**TILBOÐ á súpukjöti frá SS í réttarsúpuna.**

**SS frampartur sagaður í 3. kg poka**

**Verð aðeins, 699 kr/kg**

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Sumar opnunartími hreppsskrifstofu*

*Mánudaga til fimmtudaga:*

*09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:30*

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju  
Starfsfólk Flúðaleiðar


## KIRKJUKÓRINN HEFUR STARFSEMI SÍNA!!

Fyrsta æfing vetrarins verður fimmtudagskvöldið EFTIR réttir ( 22.sept ). Þeir sem vilja syngja í besta kirkjukór norðan og sunnan Alþafjalla ættu að drífa sig á æfingu, við tökum alltaf vel á móti nýju fólki. Það er fátt eins gefandi og að syngja í kirkju, hvort heldur er þegar 2 mæta í messu eða fyrir fullri kirkju á jóladag.

Svo erum við með uppátektarsaman organista, sem gaman er að vinna með.



Stjórn Kirkjukórs Hruna og Hrepphólasókna.



## ATVINNA!

Starfsmann vantar í 100% starf hjá Hrunamannahreppi (65% starf við húsvörslu í Flúðaskóla og 35% starf við Áhaldahús hreppsins). Umsóknarfrestur er til 26. september og viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun desember. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is).

# Hugum að hausti!



Hnifar, kjötsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilspokar, balar, fötur m/loki, úrbeiningarhanskar, hamborgarapressa, vacuumpökkunarvél, vaccumpokar, o.fl.

## Námskeið í úrbeiningu



Jóhann Bjarnason kemur aftur og heldur námskeið í úrbeiningu og meðhöndlun á kjöti miðvikudagskvöldið 5. október n.k. kl. 20:00.  
Léttar veitingar

## Fláningsborð



Vandað fláningsborð, galvanhúðuð grind með vatnsheldum krossviði

landstolpi.is



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

## Orðsending til eldri Hrunamanna

Kæru félagar!

Við hefjum félagsstarfið í kjallaranum að Heimalandi á ný eftir

sumarfrí **priðjudaginn 27. september**


Hlökkum til að sjá sem allra flesta og tökum fagnandi á móti haustinu saman.

Með kærri kveðju,

Árni Magnús, Sigga og Bubba.

### Fótboltaæfingar á Flúðum hefjast 19. september

Knattspyrnuæfingar í íþróttahúsi og gervigrasvelli hefjast mánudaginn 19. september samkvæmt íþróttatöflu. Yngstu iðkendur æfa í íþróttahúsi en aðrir hópar úti á velli. Það er víst aldrei of oft kveðið að minna foreldra á að aðstoða börnin við réttan klæðnað eftir aðstæðum og veðri. Nýir iðkendur eru hvattir til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar gefur Heimir þjálfari gsm. 8943030 (eftir leitir)



### Hár-Hrun

Klippa í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantíð tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

### Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**



Mánudagur	Þriðjudagur	Mikvökudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Leigjudagur	Stundlagur
1. og 2. bekkur Kóríubolti Minnibolti	Kóríubolti minnibolti stelpur 3.-4. h.	Kóríubolti 1. og 2. bekkur	Fjölskriftréttir 1.-4. bekkur	1. og 2. bekkur Kóríubolti Minnibolti		Knattspyrna - Aflingar á spærkvelli
3. og 4. bekkur 1. og 2. bekkur	Þættinn 3.-10. bekkur	Fimmeskar 4. og 5. bekkur 1. og 2. bekkur	Kóríubolti minnibolti stelpur 3.-4. h.	Kóríubolti minnibolti stelpur 3.-4. h.		3.-4. bekkur stærkar og stelpur Mánudags 14.30-15.20 Miðviku dags 16.10-17.00
Kóríubolti minnibolti stelpur 3.-4. h.	Kóríubolti 7.-8. flokkur kvemma	Fimmeskar 16.40	Kóríubolti 8.-11. flokkur karta	Kóríubolti minnibolti stelpur 3.-4. h.		5.-7. bekkur stærkar Mánudags 16.40-17.30 Miðviku dags 17.00-18.00
Kóríubolti minnibolti stelpur 3.-4. h.	Kóríubolti 8.-10. flokkur kvemma	Fimmeskar 17.50	Kóríubolti 7.-10. flokkur kvemma	Kóríubolti 7.-8. flokkur karta		8.-10. bekkur stærkar Mánudags 17.30-18.30 Fimmtudags 15.30-16.30
Kóríubolti 8.-10. flokkur kvemma	Kóríubolti 7.-10. flokkur karta	Kóríubolti 7.-10. flokkur karta	Kóríubolti karrar	Fimmeskar 18.30 3.-4. bekkur		Stelpur 6.-10. bekkur Mánudags 15.30-16.30 Fimmtudags 16.30-17.30
Kóríubolti 7.-8. flokkur kvemma	Stök milli ára	Karrarþéttir 20.30	Stök við karta	Fimmeskar 18.00 7.-10. bekkur		Íþendur þurfa að muna að koma klubbdr erfr. veðli. Mikilvægt að eiga góða skó, hvort sem er taktískt eða genýgrátt.
Þættinn Afl						
Kóríubolti karrar						



Matarsmiðjan á Flúðum í samstarfi við Kaffi Grund hefur ákveðið að halda súpufundi, 1-2 tvisvar í mánuði eftir því sem færi gefst. Er hugmyndin að einstaklingar geti hlustað 20-30 mínútna fyrirlestur um eitt ákveðið málefni er snýr að matargerð, á meðan viðkomandi fær sér að snæða. Í framhaldi af fyrirlesturinn verður tekið á móti fyrirspurnum og almenn umræða í framhaldi af því. Fyrsti fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 6. október. Verður sá fundur tileinkaður: Markmiðum og tilgangi matarsmiðja. Aðrir fyrirlestrar sem eru á döfinni eru: Kostir og gallar færarlegra sláturhús, Hvað bera að varast við vinnslu á hrárrí kjötvöru og Hvað möguleikar eiga bændum með heimavinnslu á mjólkurvörum. Einnig eru allar ábendingar um heppilegt efni vel þegnar.

Allir velkomnir og vonandi sjáumst við sem flest.

## Kveðja Matarsmiðjan á Flúðum

---



Lumar þú á leikföngum sem þú mátt missa ?

Krakkarnir á yngsta stigi í Flúðaskóla taka glaðir við leikföngum, sem aðrir eru hættir að nota. Ef þú ert aflögufær, átt t.d. kubba, spil eða aðra smáhluti, sem þú vilt losna við, væri upplagt að koma þeim í Flúðaskóla. Við tökum glöð og þakklát við þeim.

Einnig væri vel þegið að fá: efni, garn, tölur eða aðra textílafanga.

Kveðja, yngsta stig og textílkennari Flúðaskóla



## Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjóf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



---

Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufyræðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

---



# FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



**Sími 893 1462**

8 farpega bíll



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun Handsnyrting*  
*Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir*  
Tímabantanir í síma 566-8342  
og 856-1599(Hlíf)

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi  
Símar 482 1550 / 482 1275  
GSM 864 1275



**Húsmíðar**  
**Innréttingar**  
Vélaleiga  
Gröfur o.fl.

### Safnahelgi á Suðurlandi 4. – 6. nóvember 2011

Safnahelgi er orðinn árviss viðburður á Suðurlandi og Uppsveitirnar hafa verið virkir þátttakendur í þessu skemmtilega samstarfsverkefni. Söfn og sýningar hafa verið opnar og ýmsir viðburðir hjá ferðapjónustuaðilum í tilefni helgarinnar. Allir viðburðir safnahelgar eru svo kynntir og auglýstir sameiginlega í einni dagskrá. Fjölbreytnin á sér engin takmörk og allir þeir sem hafa einhverja hugmynd eru hvattir til að láta í sér heyra.

Upplit menningarklasi Uppsveitanna hefur komið fram með hugmynd um að standa fyrir safnara-sýningu þessa helgi. Þannig að á einum stað verði til sýnis ýmis lítil einkasöfn. Þessi sem leynast víða á heimilum: frímerki, spil, merki, uglur, kindur, húfur, pennar, límmiðar, eldspýtustokkar eða hvaðeina sem menn hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða. Hvort af þessu verður ræðst af þátttöku sveitunga.

Þeir safnarar sem hafa áhuga á að vera með í slíku eru hvattir til þess að láta í sér heyra. Allir áhugasamir um safnahelgi eru hvattir til að hafa samband.

Kveðja

Ásborg Arnþórsdóttir [asborg@ismennt.is](mailto:asborg@ismennt.is)

s. 486 8810 - 8981957

Kæru sveitingar. Í leikskólanum er margt brallað og baukað, við erum búin að fara í gönguferðir, skoða í gróðurhús, tína rusl, klifra í trjám, mála, teikna, perla, púsla og leika okkur. Við fórum í haustferð inn í Tungufellsdal og tíndum þar og borðuðum bláber og krækiber, við vorum með gómsætt nesti súpu og brauð. Að sjálfsgöðu var vaðið yfir Dalsánna með mismiklum tilþrifum og einhverjir náðu að bleyta stígvél og buxur J, ferðin gekk vel í alla staði og sagði eitt barnið að þetta væri það dásamlegasta sem komið hefði fyrir hann, í lífi sínu, og þangað ætlar hann aftur að fara.

Hér á eftir koma svo fréttir frá hverri deild fyrir sig.

Kveðja Halldóra, Elín og Inga

### **Móakots fréttir**

Í ágúst erum við búin að skoða blómin, finna lyktina af þeim, hengja upp myndir og tína svo blómvönd handa mömmu og pabba. Við erum búin að föndra blóm til að hengja upp á vegg hjá okkur og mála á stór blöð blóm í öllum regnbogans litum. Í september ætlum við að skoða kindurnar, hvað eru réttir og hvað er gert þar, vinna með ull, búa til kindur, mála og kanna þær á alla mögulega vegu ásamt því að halda áfram með blómin og sjá hvernig þau breytast á haustin.


Þema hvers mánaðar er svo fléttað inn í hópastarfið sem er á morgnana. Á mánud. erum við í könnunarleik, á þriðjud. erum við í listum, á miðvikud. erum við í tónlist, fimmtud. í göngutúrum og á föstudögum erum við í frjálsum leik og gerum eitthvað nýtt.

Bestu kveðjur Erla og Adda Sigga.

### **Heiðarkots fréttir**

Það er alltaf gaman að koma í leikskólann eftir sumarfrí og allir voru glaðir og kátir þegar þeir mættu. Við fórum síðustu vikuna í ágúst í berjaferð þar sem við gengum frá leikskólanum til Ellu og Júlla á Ljónastígnum þar sem við fórum að tína ber. Þar tíndum við fullt af sólberjum sem við gerðum svo sultu úr og einnig sólberjasaft. Börnunum fannst mjög skemmtilegt að fá að hjálpa við að gera sultuna og allir tóku þátt í sultugerð. Síðan fengu allir með sér heim girnilega sólberjasultu. Núna í september erum við byrjaðar á fullu í hópastarfi það eru 3 hópar og heita þeir Guttar, Gormar og Strumpar. Það sem við erum búnar að vera gera er að einblína á sauðkindina og réttir og börnunum finnst spennandi að fá að mála, syngja lög, byggja með einingakubbum fleira sem tengist réttum. Við ætlum að vera vinna með réttirnar og kindina núna í september á meðan áhuginn er hjá börnunum. Við erum líka búin að vera mjög mikið úti að leika og svo að kanna náttúruna hérna í kringum okkur.

KV Hanna Björk, Heidi og Móeiður



Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata  
1-3



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-  
fossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl.

14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar  
856 1581 Stefán



**Fótaaðgerð!**

Verð í Heimalandi laugardaginn 1.október.  
Tímabantanir í síma: 863 0433 frá kl 10:00-17:00  
Sólveig Jóhannsdóttir  
Löggiltur fótaaðgerðafræðingur

**Skógarkots fréttir**

Krakkarnir á Skógarkoti eru búin að vera mjög dugleg í alls konar rannsóknarvinnu og útveru síðan leikskólinn byrjaði aftur um miðjan ágúst. Við fórum t.d. í berjatínsluferð út að Efra-Seli þar sem Ásta Guðný tók á móti okkur með ávöxtum og safu. Við tíndum svo rifsber meðfram einni braut á golfvellingum og tókum svo þátt í að sulta þau. Allir fengu svo sultukrúkkur með sér heim. Að sjálfsögðu gengum við alla leið út að Efra-Seli og stóðum okkur eins og hetjur. Við erum svo búin að vera að vinna í grænmetis listaverkum og fengu þau lista-  
verk að njóta sín á uppskeruhátíðinni okkar um síðustu helgi. Þessa dagana erum við að vinna mikið með sauðkindina og réttirnar og tengjum þessa hluti inn í allt okkar starf. Börnin eru mjög áhugasöm og vita heilmikið um réttirnar og fjárbúskap, efnilegir sauðfjárbændur hér á ferð **J** Framundan er svo nánari vinna í sambandi við kindur og réttir og haustið með sinni árlegu laufblaðasöfnun og listaverkasköpun tekur svo við í framhaldi af því.  
Bestu kveðjur Freyja, Jónína og Dúna

# ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

Málningavörur-flugger innimálning-spartl-spaðar og einnota gallar  
Kítti-frauð-kíttispressur-trélím og gluggapéttilistar  
Fyrir bílinn-bíltjakkar-loftverkfærasett-hreinsiefni-olíur-þurrkur og perur  
Bogasagir-lóðbyssa-strekkiborðar-hamrar- áltröppur-borar og slípiskífur  
Fyrir gæludýrin-hundamatur-kattamatur-varpfóður  
Hestavörur-múlar-gjarðir-beisli-pískar-skeifur-botnar-lýsi og saltsteinar  
Eldhús-vaskar og kranar-handlaugar-handklæðaofnar og stíflueyðir  
Múr-Maskinu- og Borðboltar-snitteinar-skinur og rær  
Fyrir heimilið-pönnukökuspaði-silicon bökunarform-ryksegulbusti-  
reykskynjari-skarttengi-fjöltengi-balar-snúður og gæða hnífasett  
Bréfabindi-pappír-umslög-bréfabakkar- reikni-og stílabækur  
Heftibyssur-hefti-límbyssa-skæri-lím og spreylakk  
Plast og járn fittings-vatnslásar-niðurföll-affallsog tengibarkar  
Flísar-parket-dúkar-teppi-fúga-flísaagir-og fúguset  
Sement-múrblöndur og flísalím  
Lopi-band-rennilásar-tvinni-nálar-prjónar-heklunálar-heklugarn-prjónablöð og  
ýmis hjálpertæki fyrir prjónakonuna  
Fyrir veturinn-stormjárn-leka og vatnsvörn-ljósaperur- hitamælar-hitablásarar-  
stígvél og regnföt  
Girðingarefni-staurar-starranet-hænsnanet-vírklippur  
Fyrir öryggið-öryggisgleraugu-heyrnahlífar-rykgrímur og eyrnatappar  
Vinnuvettlingar-ýmsar gerðir-vinnubuxur  
Í afmælisþakkann-skapalón-vinabönd-tússlitir og púsluspil  
Gos og sælgæti  
Opnunartími: Virka daga 9-18 Laugardaga 11-14  
VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

## Opnunartími:

17-18 september: 15:00-20:00

24-25 september: LOKAÐ

1-2 október: 15:00-20:00

8-9 október: 15:00-20:00

15-16 október: 15:00-20:00

22-23 október: 15:00-20:00

29-30 október: LOKAÐ

Nóv.og des. Opnun auglýst síðar.

Getum opnað fyrir hópa á öðrum tímum. Lágmark 9-10 manns.

Tíðnúlúsingar og borðanantanir eru í síma 846 9798



Góðir Hrunamenn og aðrir.

Nú eru liðnir fjórir mánuðir frá opnun Matarsmiðjunnar á Flúðum. Aðsóknin hefur verið góð. Matarsmiðjan er öllum opin sem áhuga hafa á vinnslu á afurðum úr matvörum. Meðal afurða sem eru framleiddar í Matarsmiðjunni eru:

Salsasósúr úr umframtómötum  
Ýmis konar chutney og aðrar afurðir  
Lúpínuseyði

Önnur verkefni eru.

Skólamatur í grunnskólanum á Flúðum  
Þróun á nasli úr byggi, fiskpróteinum o.fl  
Frysting á grænmeti fyrir mötuneyti  
Þurrkun á grænmeti og sveppum  
Aðstoð við vöruþróun fyrirtækja í Sólheimum í Grímsnesi

Einnig hafa verið haldin námskeið um

Söltun og reykingu  
Súrsun og sultun matvæla  
Þurrkun matvæla

Nú að lokinni uppskeruhátíðinni er rétti tíminn til að kanna möguleika á að vinna hluta af hráefninu heima í héraði . Eftirspurn eftir slíkum vörum hefur aukist umtalsvert undanfarin ár, bæði meðal íslendinga og erlendra ferðamanna. Þeir sem hafa farið út í framleiðslu á sinni eigin vöru hafa fengið góð viðbrögð frá neytendum og í mörgum tilfellum anna þeir vart eftirspurn. Þær vörur sem þróaðar hafa verið í Matarsmiðjunni í sumar og eru hugsaðar á almennan markað, hafa gengið vel fram að þessu og lítill ástæða til annars en bjartsýni fyrir þá framleiðendur.

. Það verða fleiri námskeið í vetur þar á meðal um ostagerð á vegum LBHÍ, úrbeiningu á kjöti og brjóstsykurgerð.Ég hvet því alla sem hafa áhuga á matvælaframleiðslu að fylgjast með hvaða námsleiðir verða í boði á hverjum tíma. Samhliða námskeiðahaldinu hafa einstaklingar og fyrirtæki sett sig í samband við Matarsmiðjuna varðandi áhugaverðar hugmyndir í matargerð. Ég hvet fólk eindregið til að hafa samband og afla sér upplýsinga því Matarsmiðjan er opin öllum .

**Vilberg Tryggvason**

Stöðvarstjóri / Regional Manager

Nýsköpun og neytendur /

Innovation and Consumers

Beint / Direct: (+354) 858 5133

GSM / Mobile: (+354) 858 5133





Undanfarið hefur verið unnið við byggingu nýrra Hrunaréttar og föstudaginn 16. sept verður síðan réttáð í fyrsta skipti í þessu glæsilega mannvirki.: Ljós:SigSigm

